



1642. stjórnarfundur

Íþróttamiðstöðin í Laugardal
11.4.2018, kl. 11:30

1. Fundargerð 1641. fundar

Samþykkt.

2. Verkefnasjóður ÍBR

Samþykktar styrkbeiðnir að upphæð kr. 2.200.000,-.

3. Afrekssjóður ÍBR

Samþykktar styrkbeiðnir að upphæð kr. 2.000.000,-.

4. Rekstur íþróttahúsa skóla

Greint frá störfum vinnuhóps sem fjallar um rekstur á íþróttahúsum skóla. Umræður.

5. Afmæli Fram

Samþykkt að gefa félaginu afmælisgjöf í samræmi við viðmiðunarreglur og einnig styrkja söguritun sem birt verður í blaði sem gefið verður út í tengslum við 110 ára afmælið.

6. Afmæli Víkings

Samþykkt að gefa félaginu afmælisgjöf í samræmi við viðmiðunarreglur og einnig styrkja söguvef sem opnaður verður í tengslum við 110 ára afmælið. Samþykkt að sæma Guðmund Pétursson og Björn Einarsson gullmerki ÍBR.

7. Ungmennafélag Kjalnesinga – Íshökkíliðið Esja

Rætt um yfirlýsingu sem fjallað var um í fjölmiðlum fyrir nokkru. Framkvæmdstjóra falið að skrifa bréf til félagsins.

8. Þing HSÍ

ÍBR á einn fulltrúa á þinginu.

9. Vallarstjórn Laugardalsvallar

Samþykkt að skipa Ingvar Sverrisson sem fulltrúa í ÍBR í vallarstjórn Laugardalsvallar.

10. Fundaáætlanir

Lagðar fram áætlanir um fundi í vor og sumar. M.a. gert ráð fyrir að formannafundur verði 14. maí n.k.

Fundi slitið kl. 13:00

Frímenn Ari Ferdinandsson ritaði fundargerð.